

Þingsályktunartillaga nr.216

Þingmál nr 60 - Flutningsmaður Þórarinn Ingi Pétursson

Tillaga til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.

Inngangur

Landvernd tekur undir allar áherslur sem Fuglavernd hefur sett fram í athugasemdum sínum fyrr og nú sbr. https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2020/11/2020-11-24_Álfir-og-gaesir.pdf og hér https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2024/01/2023_Umsogn-um-leyfi-til-veida-a-alf-gragaes-heidagaes-og-helsingja-49.-mal.pdf

MORGUNBLAÐIÐ FÖSTUDAGUR 7. NÓVEMBER 2025

6 | FRÉTTIR
Innlent

Friðsamlegar lausnir haldi álf í skefjum

● Varar við vopnum ● Tjón og fjöldi fugla ofmetinn ● Fælur og flugbraut

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Barlómurinn er landlægur. Menn verða að hugsa út fyrir boxið og sjá einhverja aðra lausn en byssuna ef þeir telja fuglana vera í samkeppni við sig.“ segir Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur. Umræður hafa skapast um þau sjónarmið sem Eggert Valur Guðmundsson, oddviti í Rangárbæingri ytra, setti fram á dögnum, að bændum verði leyft að grípa til vopna og stínga á egg álfra sem eru aðgangs- og flugbrautir á ökrum kornbænda á Suðurlandi.



Jóhann Óli Hilmarsson

Alengt er að hver og einn sé með um 10 hektara undir.

Í haust hafi verið þess dæmi að helmingur akranna sé ónýtur eftir ágang álfarinnar, sem étur nýgræðing og treður niður gróður á kornökrum. Virða megi miska sumra bænda á 4-5 milljónir og í sumum tilvikum sé skaðinn meiri. Því þarf breytingar á lögum um fuglavernd, segir Eggert, og þar á Alþingi næsta leik.

Drekar, geislar og hljóðfælar eru þekktar varnir

„Álfir eru stórir fuglar og tel ég að fólk ofmeti oft fjölda þeirra og tjón. Þetta er að einhverju leyti sálrænt. Ef grípa á til aðgerða verður það að vera í samræmi við tjónið sem fuglarnir valda. Hugsanlega gera þær gagn, það hefur heldur ekki verið skoðað,“ segir Jóhann Óli.

Fuglahræður, flugdrekar, hljóðfælar og blóður, endurskinsborðar, eftirlitkingar af rándýrum og leysigeisl-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Álfir á isagrárrí spöng, eins og skáldið orti um álfa og tungsljós.

ar. Þetta eru þekktar varnir gegn fuglum segir Jóhann Óli, sem vill að teknar verði upp varnir, eins og að framan greinir, í stað þess að farið verði með alvæpni gegn álfunum.

„Mér leiðist þetta kvak“

„Mér finnst ótrúlegt að fólk hafi ekki hugmyndaflug til annars en að fara með hernaði gegn blessuðum fuglunum. Varnir ýmskonar, sem fæla fugl frá, hafa reynst vel erlendis og þar er jafnvel hundum sigað á álfir jafnt sem gæsir,“ segir Jóhann Óli. Hann bendir raunar á að álfir lendi ekki á óslegnum ökrum, heldur nærri þeim, og gangi síðan í góðgætið. Í því sambandi bendir fuglafræðingurinn á að hægt sé að stífa af flugbrautir nærri ökrum og setja girðingu á milli.

„Í nágrannalöndunum hafa, með styrk hins opinbera, verið rektaðir akrar og tún fyrir fuglana, þar sem þeir geta étíð í friði. Þeim er þá haldið frá öðrum svæðum og sækja þeir þá sérstaklega á þessa akra þar sem þeir fá frið. Slíkt kalla ég friðsamlegar lausnir og álfastofninn þarf að vernda og verja, enda aðeins um 40.000 fuglar. Mér leiðist þetta kvak sem kemur upp á hverju hausti; að skjóta eigi álfina vegna mjög svo óljósra hagsmuna.“

Landvernd í meginatriðum athugasemda vitna hér til greinar sem birtist í morgunblaðinu þann 7. nóvember þar sem fuglafræðingurinn Jóhann Óli Hilmarsson ritar grein um þessi mál sjá hér til hliðar. Greinin kjarnar vel efnið sem Landvernd styður og gerir orð JÓJ að sínum.

Auk þessarar greinar er hér önnur sem varpar enn frekar ljósi á stöðu mála. <https://www.sunnlenska.is/adsent/hernadurinn-gegn-fuglunum/>

Landvernd áréttar sérstaklega á að álf er alfríðuð tegund en grágæs, heiðagæs og helsingjar lúta því að úr þeim stofnum er veitt með tímamörkum. Flutningsmaður tillögunnar vitnar ekki annarra lausna en skotvopna og svarar því óskýrt hvað skuli gera við hræ fugla sem yrði gríðarlega mikið ef slík fjöldadráp yrðu leyfð á svo stórum fugli. Hætta gæti jafnframt skapast vegna fuglaflensu við slíkar athafnir. Aðrar lausnir eru til staðar til að fæla fugl frá ökrum, má þar nefna hljóðfælar ýmskonar sem eru t.d. nýttar við flugvelli og með skothljóðum ef vilji er til, dróna einnig hægt að nota með innbyggðum hljóðfælum og svo er hægt að hafa tiltæka sérþálfaða hunda sem vakta slíka akra. Landvernd tekur sérstaklega undir með Fuglavernd sem telur óverjandi að heimila slíkar hömlulausar veiðar utan veiðitímabils og þar að auki á fjöluðum fugli. Þetta stríðir gegn fjölbýðlegum lögum sem gilda á vetrarstöðvum þessara fuglategunda. Tún og akrar eru eftirsótt fæðuöflunarsvæði fyrir bæði gæsir og álfir. Sumir landeigendur hafa t.a.m. nýtt sér þetta og ræktað korn til að lokka til sín gæsir að haustlagi og selt veiðimönnum aðgang að slíkum svæðum. Ekki er þó línulegt samband á milli mögulegra veiða og minnkunar tjóns, þ.e. hæpið verður að telja að tjón minnki í sama hlutfalli og veiðar aukast.

Lokaorð

Landvernd leggst gegn þeim hugmyndum sem þingmaðurinn leggur fram eina ferðina enn sem þingsályktun sem ekki verður trúað að nái fram að ganga nú fremur en endranær.

Með vinsemd og virðingu.

Frankvæmdastjóri Landverndar,
Björg Eva Erlendsdóttir

